



# Gönguferðir í dreifbýli, óbyggðum og í fjallendi við sumaraðstæður

Sértæk gæðaviðmið nr. 202

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

202-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
202-1.1	Fyrir hverja ferð er til ferðaáætlun (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
202-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum m.a.: a. Búnað til að veita fyrstu hjálp. b. Fjarskiptabúnað. c. Leiðsögutæki. d. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.			
202-1.3	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun öryggisbúnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda).			
202-1.4	Í undirbúningi fyrir hverja ferð fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.: a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá. c. Búnað. d. Upplýsingar um viðskiptavini. e. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum.			

202-1.5	Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Staðhætti og veðurskilyrði.</li> <li>b. Tímaáætlun.</li> <li>c. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna.</li> <li>d. Viðeigandi skjólfatnað og búnað.</li> <li>e. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í ferð.</li> <li>f. 112 neyðarnúmer á Íslandi</li> </ul>			
202-1.6	Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á hvern leiðsögumann eftir aðstæðum í hverri ferð.			
202-1.7	Leiðsögumenn fylgjast reglulega með líðan og ástandi viðskiptavina á meðan á ferð stendur. Ef viðskiptavinur sýnir merki um vanlíðan, skerta líkamlega getu, ofkælingu eða annað sem veldur áhyggjum bregst leiðsögumaður strax við.			
202-1.8	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			
<b>202-2</b>	<b>Umhverfi</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>
202-2.1	Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur, s.s. að vetralagi, er forðast að aka um svæði þar sem náttúrufer er viðkvæmt, sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
202-2.2	Aðeins er ekið yfir vatnsföll á stöðum sem til þess eru ætlaðir. Farið er út í og upp úr þeim þannig að komið sé í veg fyrir skemmdir á bökkum.			
202-2.3	Fyrirtækið notar skipulögð tjaldsvæði þar sem unnt er. Sé þess ekki kostur er gætt að því að ekki sjáist ummerki eftir dvölinn á staðnum.			

202-2.4	Ef kveiktur er eldur, skal eldiviður fluttur inn á svæðið, og þess gætt að hann sé að fullu slökktur áður en farið er af staðnum. Notað er eldstæði sem þegar er á staðnum þar sem unnt er, sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
202-2.5	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
202-2.6	Allur úrgangur og/eða búnaður sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
202-2.7	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
<b>202-3</b>	<b>Menntun og þjálfun</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>
202-3.1	Leiðsögumenn hafa sérhæfða menntun, t.d. viðurkennt leiðsögunám (gönguleiðsögn) og/eða reynslu á því sviði sem viðkomandi ferð snýst um.			
202-3.2	Leiðsögumenn fá þjálfun í notkun tækjabúnaðar m.a. til að geta gefið upp staðsetningu og veitt upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Í þjálfuninni skal m.a. fara yfir eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Notkun áttavita og korts.</li> <li>b. Notkun GPS staðsetningartækis.</li> <li>c. Notkun viðeigandi fjarskiptamáta fyrir mismunandi svæði, t.d. farsími, talstöð og Tetra.</li> </ul>			
202-3.3	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjál 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			

202-3.4	Leiðsögumenn í ferðum um óbyggðir** hafa lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálp í óbyggðum (WFR)</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila og sækja upprifjunarnámskeið á þriggja ára fresti.			
202-3.5	Leiðsögumenn í ferðum um óbyggðir** hafa lokið námskeiðunum Ferðamennska og Rötun hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegum námskeiðum* hjá öðrum aðila.			

*\*Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaaðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaaðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*

*\*\*Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir.*